

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

### ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

2012/EES/50/01

nr. 74/2012

frá 30. apríl 2012

#### um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2012 frá 30. mars 2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/214/ESB frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. til IV. viðauka við tilskipun ráðsins 2009/158/EB um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/277/ESB frá 10. maí 2011 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 93/52/EBE að því er varðar viðurkenningu á að tiltekin svæði á Ítalíu séu opinberlega laus við öldusótt (*B. melitensis*) og um breytingu á viðaukunum við ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að tiltekin svæði á Ítalíu, í Póllandi og í Bretlandi séu opinberlega laus við berkla í nautgripum, öldusótt í nautgripum og smitandi hvítblæði í nautgripum <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/674/ESB frá 12. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2004/558/EB að því er varðar staðfestingu á því að tiltekin stjórnsýslusvæði í Þýskalandi hafi þá stöðu að þau séu laus við smitandi nef- og barkabólgu í nautgripum <sup>(5)</sup>.
- 6) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/675/ESB frá 12. október 2011 um breytingu á ákvörðun 2003/467/EB að því er varðar yfirlýsingu um að Lettland sé opinberlega laust við berkla og yfirlýsingu um að tiltekin stjórnsýslusvæði í Portúgal séu opinberlega laus við smitandi hvítblæði í nautgripum <sup>(6)</sup>.
- 7) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/158/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 90/539/EBE <sup>(7)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 207, 2.8.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 43, 2.8.2012, bls. 5.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 122, 11.5.2011, bls. 100.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2011, bls. 17.

<sup>(6)</sup> Stjtið. ESB L 268, 13.10.2011, bls. 19.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 303, 31.10.1990, bls. 6.

- 8) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði, eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 9) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

#### ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

##### 1. gr.

Ákvæði I. kafla I. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1 og 3. liðar (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1 falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 4. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 4.1:
  - „4a. **32009 L 0158**: Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74), eins og henni var breytt með:
    - **32011 D 0214**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/214/ESB frá 1. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 27).Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.  
Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:
    - a) Í 13. gr. bætist orðið „Noregs“ við á eftir orðinu „Finnlands.“
    - b) Í IV. viðauka bætist orðið „Noreg“ við á eftir orðinu „Finnland“ í 3. neðanmálgrein í fyrirmynd 1, 4. og 6. neðanmálgrein í fyrirmynd 2, 1. og 4. neðanmálgrein í fyrirmynd 3, 3. neðanmálgrein í fyrirmynd 4, 3. og 5. neðanmálgrein í fyrirmynd 5 og 1. neðanmálgrein í fyrirmynd 6.“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 14. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/52/EBE) í hluta 4.2:

„– **32011 D 0277**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/277/ESB frá 10. maí 2011 (Stjtið. ESB L 122, 11.5.2011, bls. 100).“
4. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 70. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/467/EB) í hluta 4.2:

„– **32011 D 0277**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/277/ESB frá 10. maí 2011 (Stjtið. ESB L 122, 11.5.2011, bls. 100),

– **32011 D 0675**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/675/ESB frá 12. október 2011 (Stjtið. ESB L 268, 13.10.2011, bls. 19).“
5. Eftirfarandi undirliður bætist við í 80. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/558/EB) í hluta 4.2:

„– **32011 D 0674**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/674/ESB frá 12. október 2011 (Stjtið. ESB L 268, 13.10.2011, bls. 17).“
6. Eftirfarandi bætist við á eftir 3. lið (tilskipun ráðsins 90/539/EBE) í hluta 8.1:
  - „3a. **32009 L 0158**: Tilskipun ráðsins 2009/158/EB frá 30. nóvember 2009 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á viðskipti innan Bandalagsins með alifugla og útungunaregg og á innflutning þeirra frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74), eins og henni var breytt með:
    - **32011 D 0214**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/214/ESB frá 1. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 90, 6.4.2011, bls. 27).

Ákvæði þessarar gerðar taka ekki til Íslands.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 13. gr. bætist orðið „Noregs“ við á eftir orðinu „Finnlands“,
- b) Í IV. viðauka bætist orðið „Noreg“ við á eftir orðinu „Finnland“ í 3. neðanmálgrein í fyrirmynd 1, 4. og 6. neðanmálgrein í fyrirmynd 2, 1. og 4. neðanmálgrein í fyrirmynd 3, 3. neðanmálgrein í fyrirmynd 4, 3. og 5. neðanmálgrein í fyrirmynd 5 og 1. neðanmálgrein í fyrirmynd 6.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/158/EB og ákvarðana 2011/214/ESB, 2011/277/ESB, 2011/674/ESB og 2011/675/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Gianluca Grippa**

starfandi formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.